



Fjarnám í Verzlunarskóla Íslands
2007-2008

Skýrsla fjarnámsstjóra

Efniyfirlit

Inngangur	3
Sumarönn 2007	3
Haustönn 2007	3
Vorönn 2008	4
Sumarönn 2008	4
Fjarnemendur	5
Ársmemendur	6
Tafla 1. Fjöldi ársnemenda á önn árin 2006 og 2007 og vorönn 2008	6
Lokapróf	6
Námsmat	7
Einkunnir	7
Mynd 1. % fjöldi fjarnemenda sem fá tiltekna einkunnir á árunum 2006 og 2007 ..	8
Stúdentspróf og verslunarpróf	8
Áfangar í boði	8
Tafla 2. Áfangar Verzlunarskólans sem ekki hafa verið boðnir í fjarnámi	9
Tafla 3. Áfangar Verzlunarskólans sem brýnt er að bjóða í fjarnámi	9
Tafla 4. Fjöldi áfanga í boði í fjarnámi sem hlutfall af heildarfjölda áfanga á einstaka brautum og sviðum Verzlunarskólans	10
Jafningjamat byggt á vettvangsheimsóknunum	10
Íslandspóstur	12
Skólaritarar	12
Starfsmennt	12
Lokaorð	13
Viðaukar	14
Tafla 5. Áfangar sem kenndir hafa verið í fjarnámi VÍ	14
Tafla 6. Brautir og svið sem í boði eru við Verzlunarskóla Íslands	18

Inngangur

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur fest sig í sessi og í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfseminni skólaárið 2007-2008.

Sumarönn 2007

Á sumarönn 2007 voru áfangar í boði 122. Að auki voru 3 hulduáfangar í boði fyrir nemendur Verzlunarskólans eingöngu. Kennarar á sumarönn voru 48, þar af 2 sem ekki höfðu fjarkennt áður.

Skráning í fjarnám á sumarönn fór fram dagana 22. maí til 4. júní. Nemendur fengu sendar upplýsingar um greiðslufyrirkomulag í tölvupósti jafnóðum og þeir skráðu sig, en það var gert til að lengja skráningartímann og stytta tímann frá því að skráningu lýkur og þar til kennsla hefst. Nemendur fengu aðgangsorð að kennslukerfinu send þann 5. júní og hófst þá kennsla formlega. Sumarönnin var 9 vikur og próf voru dagana 8. til 14. ágúst.

Alls voru 659 nemendur skráðir í fjarnám á sumarönn 2007, þar af voru 128 (19,4%) í dagskóla Verzlunarskólans. Af þessum 659 nemendum voru 227 karlar (34,4%) og 432 konur (65,6%). Meðalaldur fjarnemenda var 22 ár. Að meðaltali tók hver nemandi 4,8 einingar. Sjá nánari upplýsingar um nemendur á sumarönn 2007 á heimasíðu skólans, http://www.verslo.is/fjarnam/afangar/sumar_2007/.

Nemendur á sumarönn voru skráðir í 1282 áfanga sem alls gáfu 3572 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 2186 einingar en það gera 61,2% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 62,5 ársnemendur.

Haustönn 2007

Á haustönn 2007 voru áfangar í boði 125. Að auki voru 3 hulduáfangar í boði fyrir nemendur Verzlunarskólans eingöngu. Kennarar á haustönn voru 49 og þar af 2 sem ekki höfðu kennt áður.

Skráning í fjarnám á haustönn fór fram dagana 27. ágúst til 10. september. Nemendur fengu upplýsingar um greiðslufyrirkomulag í tölvupósti jafnóðum. Kennsla hófst þann 11. september en þá fengu nemendur send aðgangsorð að kennslukerfinu í tölvupósti. Próf voru síðan dagana 30. nóvember til 14. desember.

Alls voru 754 nemendur skráðir í fjarnám á haustönn 2007, þar af voru 50 (6,5%) í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 704 (93,5%) komu annars staðar frá. 119 (16%) voru nemendur grunnskóla. Af þessum 754 nemendum voru 275 karlar (34,4%) og 479 konur (64%). Meðalaldur fjarnemenda var 24 ár. Að meðaltali tók hver nemandi rúmar 6 einingar. Sjá nánari upplýsingar um nemendur á haustönn 2007 á heimasíðu skólans, http://www.verslo.is/fjarnam/afangar/haust_2007/.

Nemendur haustannar voru skráðr í 1628 áfanga sem alls gáfu 4558 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 2390 einingar en það voru 52,4% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 68,3 ársnemendur.

Vorönn 2008

Á vorönn 2008 voru áfangar í boði 131. Að auki voru 8 hulduáfangar í boði fyrir nemendur Verzlunarskólans eða fjarnemendur sem þurftu að taka þessa áfanga vegna útskriftar vor 2008. Kennarar á vorönn voru 51 og höfðu þeir allir fjarkennt áður.

Skráning í fjarnám á vorönn fór fram dagana 8. til 21. janúar. Nemendur fengu upplýsingar um greiðslufyrirkomulag í tölvupósti jafnóðum. Kennsla hófst þann 23. janúar en þá fengu nemendur send aðgangsorð að kennslukerfinu í tölvupósti. Próf voru síðan dagana 2. til 16. maí.

Alls voru 817 nemendur skráðir í fjarnám á vorönn 2008 og hafa þeir aldrei verið fleiri, þar af voru 127 (15,7%) í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 690 (84,3%) komu annars staðar frá. 77 (9,5%) voru nemendur grunnskóla. Af þessum 817 nemendum voru 315 karlar (38,2%) og 502 konur (61,8%). Meðalaldur fjarnemenda var 24 ár. Að meðaltali tók hver nemandi tæpar 6 einingar. Sjá nánari upplýsingar um nemendur á haustönn 2007 á heimasíðu skólans, http://www.verslo.is/fjarnam/afangar/vor_2008/.

Alls voru þessir 817 nemendur skráðir í 1758 áfanga sem alls voru 4846 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 2736 einingar en það voru 56,5% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 78,2 ársnemendur.

Sumarönn 2008

Á sumarönn 2008 eru áfangar í boði 133. Að auki eru 5 hulduáfangar í boði fyrir nemendur Verzlunarskólans, eða fjarnemendur sem þurftu að taka þessa áfanga vegna útskriftar í ágúst 2008. Kennarar á sumarönn eru 50, allt reyndir fjarkennarar.

Skráning í fjarnám á sumarönn fór fram dagana 20. maí til 2. júní. Nemendur fengu sendar upplýsingar um greiðslufyrirkomulag í tölvupósti jafnóðum. Nemendur fengu aðgangsorð að kennslukerfinu send þann 3. júní og hófst þá kennsla formlega. Sumarönnin er 9 vikur og próf verða dagana 6. til 13. ágúst.

Þegar þetta er skrifað, þann 18. júní, eru 579 nemendur skráðir í fjarnámið í 1235 áfanga sem gefa 3442 einingar. Ef gert er ráð fyrir 75% mætinug í próf, mun sumarönnin skila 74 ársnemendum.

Að auki eru 215 umsækjendur um fjarnám sem fá aðgang um leið og þeir hafa greitt gjöldin sín.

Fjarnemendur

Þegar hópur fjarnemenda er skoðaður þessar þrjár annir sem fjallað er um í þessari skýrslu, kemur í ljós ýmislegt forvitnilegt.

Fjöldi nemenda fer vaxandi frá önn til annar. Sumarið 2007 voru 659 nemendur skráðir í fjarnám, þá 754 á haustönn 2007 og loks 817 á vorönn 2008.

Nemendur VÍ voru hlutfallslega fæstir á haustönn 2007 (6,5%), en hlutfallslega flestir á sumarönn 2007 (19,4%). 15,7% nemenda á vorönn 2008 voru einnig í dagskóla VÍ. Skýringin á þessu er sú að nemendur VÍ sem falla í áföngum á haustönn, taka endurtektarpróf í janúar og þeir sem falla aftur þá, taka áfanga í fjarnámi á vorönn. Nemendur VÍ sem falla svo í áföngum í maí, taka endurtekt í júní og þeir sem falla aftur þá, taka fjarnámsáfanga á sumarönn. Á haustönn eru því ekki VÍ nemendur sem hafa fallið í áföngum.

Nemendur grunnskóla voru flestir á haustönn 2007, eða 16% af fjölda nemenda. Á vorönn voru grunnskólanemendur 9,5% og 3% á sumarönn. Flestir nemendur grunnskóla í fjarnámi hafa lokið samræmdum prófum og þeir taka fjarnámsáfanga á haustönn. Á vorönn taka grunnskólanemendur síður fjarnámsáfanga því þá þykir flestum nóg að undirbúa sig fyrir komandi samræmd próf.

Konur eru í miklum meirihluta fjarnemenda, eða 65,6% á sumarönn 2007, þá 64% á haustönn 2007 og loks 61,8% á vorönn 2008. Athyglisvert er að hlutur kvenna virðist fara lækkandi eftir önnnum, en lækkunin er þó ekki nógu mikil til að hægt sé að fullyrða að sókn karlmannna í fjarnám sé að aukast.

Meðalaldur nemenda var um 24 ár veturinn 2007-2008, en aðeins lægri sumarið 2007. Þetta kemur á óvart þar sem grunnskólanemendur sem lækka meðalaldur fjarnemenda, sjást varla í fjarnámi á sumrin. Lægri meðalaldur fjarnema á sumrin gæti verið hægt að skýra með því að eldri nemendur sem hafa fyrir fjölskyldum að sjá og stunda fulla vinnu taka sér gjarnan frí frá námi á sumrin. Megin uppistaða fjarnemenda á sumrin eru nemendur á framhaldsskólaaldri, svo sem:

- Nemendur bekkjaskóla sem hafa fallið í áfanga um veturinn og verða að taka þá áfanga í fjarnámi til að færast upp um bekk næsta haust.
- Nemendur áfangaskóla sem hyggja á útskrift um jól eða næsta vor og eru að flýta fyrir sér með því að taka áfanga í fjarnámi.
- Nemendur áfanga- og bekkjaskóla sem féllu á prófum í vor og gátu þar með ekki útskrifast og stefna á útskrift í ágúst.
- Nemendur sem hafa lokið við stúdentspróf og eru að undirbúa sig fyrir háskólanám með því að taka áfanga í fjarnámi.

Meðaleiningafjöldi sem hver fjarnemandi tekur er um 6 einingar á haust- og vorönnnum. Þessi fjöldi er aðeins lægri á sumarönn, eða 4,8 einingar. Svo virðist sem nemendur á sumarönn taki aðeins þá áfanga sem þeir þurfa nauðsynlega að taka, enda er mæting í lokapróf best á sumarönn.

Ársmemendur

Á þremur önnum árið 2006 gaf fjarnámið af sér 6941 þreyttar einingu, en það eru alls 198,3 ársnemendur. Árið 2007 komu 191,9 ársnemendur úr úr fjarnáminu. Það sem af er árinu 2008 eru 78,2 fjarnemendur komnir. Þetta kemur fram í töflu 1.

Önn	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársmemendur í próf	% Mæting í próf
V06	744	5,23	3889	2471	70,6	63,5
S06	509	5,65	2877	2243	64,1	78,0
H06	665	5,47	3640	2227	63,6	61,2
Alls 2006	1918	5,43	10406	6941	198,3	66,7
V07	690	5,36	3699	2140	61,1	57,9
S07	659	5,42	3572	2186	62,5	61,2
H07	754	6,05	4558	2390	68,3	52,4
Alls 2007	2103	5,62	11829	6690	191,9	56,56
V08	811	5,98	4846	2736	78,2	56,5

Tafla 1. Fjöldi ársnemenda á önn árin 2006 og 2007 og á vorönn 2008

Þegar tafla 1 er skoðuð, kemur í ljós að mæting í próf er um 60% á vor- og haustönnum 2006. Þetta hlutfall er þó sýnu verra vor- og haustönnum 2007, enda voru endurgreiðslur lækkaðar úr 3000 krónur per einingu í 1000 krónu á einingu haustönn 2006 og þeim síðan alveg hætt á vorönn 2007. Á sumarönnum er mæting í próf öllu skárri, eða 78% á sumarönn 2006 og 61% á sumarönn 2007. Mæting í próf á vorönn 2008 var sviðuð og á vorönn 2007.

Lokapróf

Prófdagar eru á svipuðum tíma á hverri önn og ætti það að auðvelda nemendum og starfsfólki að gera ráðstafanir vegna þeirra. Þessar dagsetningar eru auglýstar á netinu með góðum fyrirvara og er t.d. núna búið að setja á netið dagsetningar vegna haustannar 2008 og vorannar 2009.

Langflestir nemendur taka próf í húsnaði VÍ. Um 20% prófa eru þó tekin annars staðar, ýmist á Íslandi eða vítt og breitt um heimskringluna. Á vorönn 2008 var til dæmis prófað á 65 stöðum og voru tveir þriðju hlutar þeirra á Íslandi. Erlendis fóru próf frá okkur lengst til Kína, Equador og Mexíkó.

Úti á landi hafa framhaldsskólar og grunnskólar séð um prófin fyrir okkur. Erlendis hafa starfsmenn sendiráða og ræðismannaskrifstofa séð um próf, ef slíkar skrifstofur er ekki að finna í nágrenni við nemendur er hægt að taka próf í skólastofnun eða á örðum viðurkenndum stað.

Námsmat

Námsmat er í höndum fjarnkennara, þeir semja lokapróf og fara yfir þau. Flestum áföngum lýkur með lokaprófi og gilda þau mismikið eftir áföngum. Kennari ákveður vægi þátta sem gilda til lokaeinkunnar. Einungis þeir sem mæta í próf fá einkunn fyrir áfanga sinn. Í lokaprófslausum áföngum, skilgreinir kennari hvað nemandi beri að gera til að ná áfanga og fá einkunn. Kennarar sömu deilda hafa samráð um vægi verkefna og lokaprófa í áföngum sem tilheyra deildinni.

Á vorönn 2008 voru sett þau viðmið að einungis þeir nemendur sem fá 5 (4,5) á lokaprófi ná áfanga. Fáir nemandi lægri einkunn en 4,5 á lokaprófi, getur vinnueinkunn ekki hækkað hann uppí 5.


Einkunnir

Þegar árin 2006 og 2007 eru skoðuð, kemur í ljós að þar hafa 22235 einingar verið skráðar en aðeins 13631 einingar hafa skilað sér til prófs, sjá töflu 1. Þetta gerir að meðaltali 61.3% mætingu í próf þessar 6 annir.

Ef lokaeinkunnir fyrir þessa áfanga eru skoðaðar kemur í ljós að rúm 10% þeirra fá einkunn 1 og 32,4% falleinkunnir (einkunnir 1 til 4). Fyrir 67,6% áfanga fá nemendur einingar sem nýtast þeim í framhaldsskólanámi.

Þar sem 61,3% nemenda mættu í próf þessi tvö ár og 67,6% þeirra náðu áföngum (það er fá einkunnir 5, 6, 7, 8, 9, 10) ná 41,4% af þeim nemendum sem byrja í fjarnámi áföngum þeim sem þeir eru skráðir í. Um 58% nemenda sem skrá sig í fjarnámsáfanga mæta annað hvort ekki í próf, eða þeir fá falleinkunn í áföngum.

Algengasta einkunn fyrir fjarnámsáfanga er 5, síðan 6 og svo 7. Álíka margir áfangar gefa einkunn 8 og einkunn 1. Aðeins 8,1% áfanga er lokið með einkunn 9 og 1,8% með einkunn 10. Þetta kemur fram á mynd 1.



Mynd 1. % fjöldi fjarnemenda sem fá tiltekna einkunnir á árunum 2006 og 2007

Þegar nemendur sem hafa fengið einkunn 10 eru skoðaðir, kemur í ljós að enginn nemandi hefur fengið 10 þrisvar sinnum, en 5 nemendur hafa fengið 10 tvisvar sinnum. Í einum áfanga hafa 5 nemendur fengið 10 og í þremur áföngum til viðbótar hafa 2 til 4 nemendur fengið þessa einkunn.

Stúdentspróf og verslunarpróf

Fjórir fjarnemendur útskrifuðust með verslunarpróf frá skólanum veturinn 2007 - 2008, þrír í janúar 2008 og einn í maí sama ár. Í maí 2008 voru átta fjarnemendur í hópi nýstúdenta frá skólanum. Allir þessir 12 nemendur áttu það sameiginlegt að hafa verið í dagskóla Verzlunarskólans um tíma, en hætt af ýmsum ástæðum og síðan lokið við markmiðið í fjarnámi.

Áfangar í boði

Áföngum í boði í fjarnámi hefur fjölgað frá önn til annar. Þannig voru þeir 122 sumarið 2007, 125 á haustönn 2007, 131 á vorönn 2008 og 133 á sumarönn 2008. Að auki hafa verið í boði svo kallaðir hulduáfangar, en það eru áfangar sem eingöngu eru í boði fyrir nemendur Verzlunarskólans eða fjarnemendur sem þurftu að taka þessa áfanga vegna útskriftar á önninni. Mikilvægt er að bjóða alla áfanga fyrir alla nemendur og hætta með hulduáfanga, það skapar óþægindi fyrir nemendur því ekki er hægt að skrá sig í þessa áfanga á netinu. Auk þess sem þeir eru viðbótarvinna fyrir fjarnámstjóra sem verður að skrá alla nemendur í þessa áfanga.

Áfangar í boði í fjarnámi Verzlunarskólans hafa alls verið 155. Sjá töflu 5 í viðauka. Áfangarnir eru í samræmi við námskrá framhaldsskóla og sömu kröfur eru gerðar í fjarnámi og staðbundnu námi dagskólans. Það er tryggt með því að sama námsefni er í báðum tilfellum, kennarar dagskólans kenna í fjarnáminu og sambærileg próf eru lögð fyrir fjar- og dagskólanemendur.

Deildir í samráði við fjarnámsstjóra hafa ráðið hvaða áfangar hafa verið í boði í fjarnámi hverju sinni. Veturinn 2005-2006 var haft að leiðarljósi að bjóða þá áfanga sem nemendur 3. og 4. bekkja Verzlunarskólans taka og veturinn 2006-2007 þá áfanga sem nemendur 5. bekkja taka. Veturinn 2007-2008 var markmiðið að bjóða í fjarnámi alla áfanga sem kenndir eru í dagskóla VÍ. Þetta markmið náðist ekki af ýmsum ástæðum. Áfangar í dagskóla VÍ sem ekki hafa enn verið boðnir í fjarnámi til þessa eru sýndir í töflu 2.

Áfangar ekki í fjarnámi		
BÓK313		
EFN303		
EFN213	EFN313	
ENS643		
KVI103		
LAT202	LAT302	
LOK103		
REK213	REK313	
REK322		
STÆ513		
STÆ523		
STÆ703		
TÖL203	TÖL213	TÖL303

Tafla 2. Áfangar Verzlunarskólans sem ekki hafa verið boðnir í fjarnámi

Af þessum áföngum hafa: BÓK313, EFN313, REK213 verið í boði sem hulduáfangar. Áfangar sem tilheyra eingöngu málabraut verða trúlega aldrei settir í boð, en það eru ENS643, KVI103, LAT202, LAT302, LOK103. Áfangar sem tilheyra tölvusviði náttúrufræðibrautar eingöngu verða heldur ekki settir í boð, en það eru: STÆ513, TÖL203, TÖL213 OG TÖL303.

Eftir standa þá áfangar sem brýnt er að setja í boð: EFN213, EFN303, REK313, REK322, STÆ523, STÆ703 og svo auðvitað BÓK313, EFN313 og REK213. Þessir áfangar eru sýndir í töflu 3.

Áfangar sem þarf að bjóða		
BÓK313		
EFN303		
EFN213	EFN313	
REK213	REK313	
REK322		
STÆ523		
STÆ703		

Tafla 3. Áfangar Verzlunarskólans sem brýnt er að bjóða í fjarnámi

Samkvæmt töflu 3 eru það alls 9 áfangar sem á eftir að vinna fyrir fjarnámið, þrír af þeim hafa verið í boði sem huldufjarnám. Talið er að áfanga REK322, STÆ523 og STÆ703 verði erfitt að bjóða í fjarnámi og leysa þurfi það með utanskólanámi fjarnemenda í samstarfi við kennara viðkomandi greinar. Brynt er að bjóða hina áfangana í fjarnámi næsta vetur.

Breytingar hafa verið gerðar á viðskiptasviði viðskiptabrautar þannig að í stað FJÁ103 eru nú kenndir FJÁ102 og FJÁ202 og í stað MAR103 eru kenndir MAR102 og MAR202. Þessir áfangar verða settir í boð næsta haust.

Í töflu 5 í viðauka koma fram allar brautir sem eru í boði í Verzlunarskóla Íslands, þeir áfangar sem þegar eru í boði í fjarnámi og þeir áfangar sem á eftir að vinna fyrir fjarnámið. Ekki er líklegt að fleiri en tvær einingar verði boðnar í fjarnámi í íþróttum og fjarnemendur taka því ekki hinar 6 einingarnar. Sömuleiðis er ekki líklegt að lífsleikni verði boðin í fjarnámi og fjarnemendur sleppa því þeim einingum.

Ef fjöldi áfanga í boði í fjarnámi eru skoðaður út frá brautum og sviðum Verzlunarskólans, kemur í ljós að hlutfall þeirra sem er í boði nú þegar er á bilinu frá 84-100% af heildarfjölda áfanga. Ef litið er framhjá málabraut og tölvusviði náttúrufræðibrautar, er þetta hlutfall 90-100%. Sjá nánar í töflu 4.

Brautir-svið	Áfangar í boði	Áfangar ekki í boði	Áfangar aldrei í boði	% Áfanga í boði
Nát-eðl	48	3	8	94
Nát-líf	48	2	8	96
Nát-töl	46	4	8	84
Fél	49	0	8	100
Mál	46	5	8	89
Við-hag	48	2	8	96
Við-við	52	5	8	90

Tafla 4. Fjöldi áfanga í boði í fjarnámi sem hlutfall af heildarfjölda áfanga á einstaka brautum og sviðum Verzlunarskólans

Í töflu 6 í viðauka, eru allar stúdentsbrautir Verzlunarskólans skráðar og merkt við þá áfanga sem þegar eru í boði í fjarnámi og þá áfanga sem eftir á að bjóða.

Jafningjamat byggt á vettvangsheimsóknnum

Í lögum um framhaldsskóla er skólum gert að meta starf sitt. Mjög mikilvægt er að skapa matsramma fyrir fjarnám Verzlunarskóla Íslands. Markmiðið er að tryggja gæði fjarnámsáfanga, til jafns við áfanga dagskólans. Á haustönn 2008 er gert ráð fyrir að

framkvæma nemendakönnun þar sem fjarnemendur verða spurðir um gæði fjarnáms og fjarkennslu. Til að undirbúa það var á vorönn 2008 farið út í jafningjamat sem fór þannig fram að fjarkennarar heimsóttu áfanga hvers annars og gáfu umsögn. Tilgangurinn var tvíþættur: Annars vegar að gestkomandi kennari gæti lært af því sem fyrir augu hans bæri og hins vegar að ábendingar hans gætu nýst hinum kennaranum til að betrumbæta sinn áfanga. Hugmyndin á bak við þetta var sú að matsferlið sjálft leiddi til umbóta á fjarnámsáföngum.

Kennarar fengu aðgang að áföngum hverra annarra í tvær vikur. Á þeim tíma var þeim ætlað að fara inn í áfanga og litast þar um. Á meðan þeir skoðuðu sig um, fylltu þeir út matsblöð sem þeir svo skiluðu til fjarnámsstjóra. Fjarnámsstjóri ljósritaði matsblöðin og kom til kennara sem kenndi áfanga. Auk viðkomandi kennara, fengu stjórnendur skólans aðgang að útfylltum matsblöðum. Fjarnámsstjóri tók saman almennar niðurstöður og setti fram í skýrslu sem send var kennurum og öðru starfsfólki skólans. Skýrsla þessi er vistuð í gagnasmiðju kennslukerfis.

Allir áfangar sem opinberlega voru í boði á vorönn 2008 voru heimsóttir á þennan hátt og skiptu fjarkennarar þeim á milli sín, tveir til þrír áfangar komu þá í hlut hvers fjarkennara. Skólinn borgað kennara laun í eina klukkustund fyrir að skoða hvern áfanga.

Áður en matsvinnan fór í gang, fengu fjarkennarar tíma og aðstoð við að taka til í áföngum sínum í kennslukerfinu.

Matsferlinu var skipt í þrjá hluta:

Undirbúningur:

- 3. mars Fundur með fjarkennurum þar sem málið var kynnt.
- 4. mars Fjarnámsstjóri sendi kennurum gátlista sem þeir gátu notað til að taka til í áföngum sínum og lagfæra þá áður en matsvinnan færi í gang. Fjarkennarar fengu þá einnig í hendurnar drög að matsblaði sem var notað við matið.
- 3.-14. mars Fjarkennarar tóku til í áföngum sínum. Fjarnámsstjóri aðstoðaði þá sem þess óskuðu, ýmist á vinnutíma, eða í lok vinnudags í fyrirfram auglýstum vinnustofum.

Mat:

- 26. mars Fjarkennarar fengu matsblað í hendurnar og framkvæmdu matið.
- 14. apríl Matsblöðum skilað til fjarnámsstjóra, kennarar fengu matsblöð sinna áfanga í hendurnar.

Úrvinnsla:

- 21. apríl Fjarnámsstjóri skilaði skýrslu um niðurstöður mats.

Jafningjamatið gekk vel og má fullyrða að það hafi aukið umræðuna í hópi fjarkennara um fjarkennslu. Sú umræða mun án efa skila sér í auknum gæðum fjarnámsáfanga.

Íslandspóstur

Á vorönn 2007 var undirbúningur hafinn að námskeiðum fyrir starfsmenn Íslandspósts í samvinnu við fyrirtækið. Haustið 2007 voru pósthúsin þeirra skráð í þar til gerðan áfanga í kennslukerfið og starfsmenn þeirra fengu fræðslu um gildi fyrirtækisins og þjónustuviðmið. Þessi tilraun tókst vel.

Á vorönn 2008 hófst undirbúningur fyrir annað námskeið fyrir starfsmenn Íslandspósts og er ætlunin að starfsmenn taki það námskeið á haustönn 2008. Þetta námskeið fjallar um vöruframboð fyrirtækisins.

Skólaritarar

Nemendur í skólaritara- og skrifstofustjóranámi voru brautskráðir við hátíðlega athöfn frá Verzlunarskóla Íslands í maí 2008. Þessir nemendur hófu nám við skólann á vorönn 2007. Námið tók þrjár annir og var blanda af staðbundnum lotum og fjarnámi sem fór fram í gegnum kennslukerfið. 24 nemendur hófu þetta nám í ársbyrjun 2007 og 22 luku námi.

Hugmyndin að námi skólaritara og skrifstofustjóra kom frá Menntasviði Reykjavíkur sem fékk styrk til þess að skipuleggja námið. Valgerður Janusdóttir frá Menntasviði veitti þeirri vinnu forstöðu, en Sólveig Friðriksdóttir tók þátt í vinnunni fyrir hönd Verzlunarskólans og Framvegis, miðstöðvar um Símenntun.

Í janúar 2008 hóf svo annar hópur skólaritara og skrifstofustjóra nám með sama sniði og verður sá hópur útskrifaður í maí 2009.

Árið 2007 tóku skólaritarar nám sem svaraði til námi 9,8 ársnemenda og það sem af er ári 2008 er þessi tala 6,8.

Starfsmennt

Alls voru 304 nemendur frá Starfsmennt skráðir á 8 námskeið á þeirra vegum í kennslukerfinu okkar á haustönn 2007, margir á fleiri en eitt námskeið og var heildarfjöldi skráninga 372. Ekkert heyrðist hins vegar í stjórnendum Starfsmenntar á vorönn 2008 og þegar eftir því var leitað kom í ljós að þeir voru hættir viðskiptum við okkur án þess að láta okkur vita og engin ástæða tilgreind. Má segja að það hafi verið snubbóttur endir á annars farsælu samstarfi.

Fyrirlestrar

Í byrjun haustannar 2007 var haldinn fundur um fjarnám fyrir fjarkennara VÍ. Fyrirlesarar voru þau Þuríður Jóhannsdóttir lektor KHÍ og Guðmundur Sæmundsson aðjúnkt KHÍ. Þuríður nefndi erindi sitt: *Að tryggja gæði fjarnáms*. Guðmundur nefndi erindi sitt: *Fjarkennsla er jafn persónuleg og staðkennsla*. Glærurnar sem þau notuðu er varðveittar í gagnasmiðju fjarkennslukerfis.

Í byrjun september 2007 var haldinn fundur fjarkennara og fjarnámsstjóra og þar fjallað um: Skýrslu stefnumótunarhóps um fjarnám, starflýsingu fjarkennara, mat á gæðum fjarnáms og –kennslu, fjölda ársnemenda, próftökurétt, kennslukerfið og haustönn 2007. Glærur frá þessum fundi eru vistaðar í gagnasmiðju kennslukerfis og skýrsla stefnumótunarhóps um fjarnám sömuleiðis.

Um miðjan nóvember hélt fjarnámsstjóri fyrirlestur í Menntaskólanum á Ísafirði um fjarkennarann. Fyrirlesturinn var haldinn fyrir kennara og aðra starfsmenn MÍ að beiðni skólastjórnenda þar.

Um miðjan nóvember var annar fundur fjarkennara og fjarnámsstjóra. Á þeim fundi fjallaði fjarnámsstjóri um námsmat og í því sambandi var sérstaklega fjallað um vinnueinkunn, prófseinkunn og próflausa áfanga. Að lokum fjölluðu þær Ásta Henriksdóttir og Sandra Eaton um skipulag fjarnámsáfanga. Glærur frá þessum fundi eru vistaðar í gagnasmiðju kennslukerfis.

Í lok nóvember hélt fjarnámsstjóri fyrirlestur í Tallin, Eistlandi. Fyrirlesturinn sem nefndist *Distance Education in the Commercial College of Iceland* var haldinn á ráðstefnu í háskólanum í Tallin um fjarkennslu og fjarnám. Fjarnámsstjóri var þó staddur í skólastofu hjá Framvegis í Síðumúlanum í Reykjavík og var fjarfundabúnaðurinn þar notaður til verksins. Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir og Árni Guðmundsson hjá Framvegis sáu um tæknilegu hliðina og gekk allt að óskum.

Á fyrsta kennarafundi í byrjun vorannar fjallaði fjarnámsstjóri um niðurstöður fjarnámsprófa og mætingu fjarnemenda í próf. Glærur sem þar komu við sögu er að finna í gagnasmiðju kennslukerfis.

Í byrjun mars var fundur fjarnámsstjóra með fjarkennurum þar sem fjallað var um framkvæmd jafningjamatsins.

Lokaorð

Fjarkennsla við Verzlunarskóla Íslands hefur fest sig í sessi. Starfsfólk skólans hefur tekist á við það verkefni af mikilli elju. Við höldum ótrauð áfram og stefnum á það næsta vetur að ná takmarki okkar og bjóða alla áfanga skólans í fjarnámi og efla þá áfanga sem þegar eru í boði.

Reykjavík, 18. júní 2008

Sigurlaug Kristmannsdóttir
fjarnámsstjóri VÍ

Viðaukar

Tafla 5. Áfangar sem kenndir hafa verið í fjarnámi VÍ.

H2005	V2006	S2006	H2006	V2007	S2007	H2007	V2008	S2008
				ALP102	ALP102	ALP102	ALP102	ALP102
	ALP104	ALP104	ALP104					
	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203	ALP203
				ALP302	ALP302	ALP302	ALP302	ALP302
BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103	BÓK103
	BÓK201	BÓK201	BÓK201	BÓK201		BÓK201	BÓK201	
	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK203	BÓK203
							BÓK313	BÓK313
DAN102	DAN102		DAN102	DAN102	DAN102	DAN102	DAN102	DAN102
DAN103	DAN103		DAN103	DAN103	DAN103	DAN103	DAN103	DAN103
	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202	DAN202
	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203	DAN203
DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212	DAN212
			DAN303	DAN303		DAN303	DAN303	DAN303
							DAN403	DAN403
	EÐL103	EÐL103	EÐL103	EÐL103	EÐL103	EÐL103	EÐL103	EÐL103
	EÐL113	EÐL113	EÐL113	EÐL113	EÐL113	EÐL113	EÐL113	EÐL113
	EÐL203	EÐL203	EÐL203	EÐL203	EÐL203	EÐL203	EÐL203	EÐL203
	EÐL303	EÐL303	EÐL303	EÐL303	EÐL303	EÐL303	EÐL303	EÐL303
		EÐL403	EÐL403	EÐL403	EÐL403	EÐL403	EÐL403	EÐL403
	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103	EFN103
							EFN203	EFN203
							EFN303	EFN303
							EFN313	EFN313
	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102	ENS102
ENS103	ENS103		ENS103	ENS103	ENS103	ENS103	ENS103	ENS103
		ENS202	ENS202	ENS202	ENS202	ENS202	ENS202	ENS202
	ENS203		ENS203	ENS203	ENS203	ENS203	ENS203	ENS203
	ENS212		ENS212	ENS212	ENS212	ENS212	ENS212	ENS212
	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303	ENS303
	ENS373		ENS373	ENS373	ENS373	ENS373	ENS373	ENS373
				ENS403	ENS403	ENS403	ENS403	ENS403
			ENS423	ENS423	ENS423	ENS423	ENS423	ENS423
						ENS433	ENS433	ENS433
						ENS503	ENS503	ENS503
								ENS603
							ENS613	
	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103	FÉL103
	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203	FÉL203
	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303	FÉL303
					FÉL313	FÉL313	FÉL313	FÉL313
			FJÁ103		FJÁ103	FJÁ103	FJÁ103	
	FJÖ103	FJÖ103	FJÖ103	FJÖ103	FJÖ103	FJÖ103	FJÖ103	FJÖ103
	FRA102	FRA102	FRA102	FRA102	FRA102	FRA102	FRA102	FRA102

	SAG313	SAG313	SAG313	SAG313	SAG313	SAG313	SAG313	SAG313
	SÁL103	SÁL103	SÁL103	SÁL103	SÁL103	SÁL103	SÁL103	SÁL103
		SÁL203	SÁL203	SÁL203	SÁL203	SÁL203	SÁL203	SÁL203
			SÁL213	SÁL213	SÁL213	SÁL213	SÁL213	SÁL213
					SÁL303	SÁL303	SÁL303	SÁL303
						SÁL403	SÁL403	SÁL403
			SÍD102	SÍD102	SÍD102	SÍD102	SÍD102	SÍD102
	SPÆ102		SPÆ102	SPÆ102	SPÆ102	SPÆ102	SPÆ102	SPÆ102
SPÆ103	SPÆ103		SPÆ103	SPÆ103	SPÆ103	SPÆ103	SPÆ103	SPÆ103
	SPÆ202		SPÆ202	SPÆ202	SPÆ202	SPÆ202	SPÆ202	SPÆ202
			SPÆ203	SPÆ203	SPÆ203	SPÆ203	SPÆ203	SPÆ203
			SPÆ212	SPÆ212	SPÆ212	SPÆ212	SPÆ212	SPÆ212
				SPÆ303	SPÆ303	SPÆ303	SPÆ303	SPÆ303
							SPÆ403	SPÆ403
							SPÆ503	SPÆ503
	STJ103	STJ103	STJ103	STJ103	STJ103	STJ103	STJ103	STJ103
	STÆ102	STÆ102	STÆ102	STÆ102	STÆ102	STÆ102	STÆ102	STÆ102
STÆ103	STÆ103	STÆ103	STÆ103	STÆ103	STÆ103	STÆ103	STÆ103	STÆ103
	STÆ122	STÆ122	STÆ122	STÆ122	STÆ122	STÆ122	STÆ122	STÆ122
	STÆ202	STÆ202	STÆ202	STÆ202	STÆ202	STÆ202	STÆ202	STÆ202
STÆ203	STÆ203	STÆ203	STÆ203	STÆ203	STÆ203	STÆ203	STÆ203	STÆ203
	STÆ303	STÆ303	STÆ303	STÆ303	STÆ303	STÆ303	STÆ303	STÆ303
		STÆ313	STÆ313	STÆ313	STÆ313	STÆ313	STÆ313	STÆ313
		STÆ363	STÆ363	STÆ363	STÆ363	STÆ363	STÆ363	STÆ363
			STÆ403	STÆ403	STÆ403	STÆ403	STÆ403	STÆ403
				STÆ463	STÆ463	STÆ463	STÆ463	STÆ463
					STÆ503	STÆ503	STÆ503	STÆ503
					STÆ563	STÆ563	STÆ563	STÆ563
							STÆ603	STÆ603
				TÖL103	TÖL103	TÖL103	TÖL103	TÖL103
								TÖL113
	TÖN101	TÖN101	TÖN101	TÖN101	TÖN101			
TÖN102	TÖN102	TÖN102	TÖN102	TÖN102	TÖN102	TÖN102	TÖN102	TÖN102
	TÖN111	TÖN111	TÖN111	TÖN111	TÖN111			
	TÖN121	TÖN121	TÖN121	TÖN121	TÖN121			
	TÖN131	TÖN131	TÖN131	TÖN131	TÖN131			
	TÖN141	TÖN141	TÖN141	TÖN141	TÖN141			
				TÖN151	TÖN151			
	TÖN201	TÖN201	TÖN201	TÖN201	TÖN201			
TÖN202	TÖN202	TÖN202	TÖN202	TÖN202	TÖN202	TÖN202	TÖN202	TÖN202
		TÖN211	TÖN211	TÖN211	TÖN211			
	TÖN302	TÖN302	TÖN302	TÖN302	TÖN302	TÖN302	TÖN302	TÖN302
				TÖN311	TÖN311			
	TÖN312	TÖN312	TÖN312	TÖN312	TÖN312	TÖN312	TÖN312	TÖN312
								UPP103
VÉL101	VÉL101	VÉL101	VÉL101	VÉL101	VÉL101	VÉL101	VÉL101	VÉL101
	VÉL201	VÉL201	VÉL201	VÉL201	VÉL201	VÉL201	VÉL201	VÉL201
ÞJÓ103	ÞJÓ103	ÞJÓ103	ÞJÓ103	ÞJÓ103	ÞJÓ103	ÞJÓ103	ÞJÓ103	ÞJÓ103
	ÞJÓ202	ÞJÓ202	ÞJÓ202	ÞJÓ202		ÞJÓ202	ÞJÓ202	ÞJÓ202
			ÞJÓ302	ÞJÓ302		ÞJÓ302	ÞJÓ302	ÞJÓ302
							ÞJÓ303	ÞJÓ303

	ÞÝS102	ÞÝS102	ÞÝS102	ÞÝS102	ÞÝS102	ÞÝS102	ÞÝS102	ÞÝS102
ÞÝS103	ÞÝS103	ÞÝS103	ÞÝS103	ÞÝS103	ÞÝS103	ÞÝS103	ÞÝS103	ÞÝS103
	ÞÝS202	ÞÝS202	ÞÝS202	ÞÝS202	ÞÝS202	ÞÝS202	ÞÝS202	ÞÝS202
	ÞÝS203		ÞÝS203	ÞÝS203	ÞÝS203	ÞÝS203	ÞÝS203	ÞÝS203
	ÞÝS212	ÞÝS212	ÞÝS212	ÞÝS212	ÞÝS212	ÞÝS212	ÞÝS212	ÞÝS212
		ÞÝS303	ÞÝS303	ÞÝS303	ÞÝS303	ÞÝS303	ÞÝS303	ÞÝS303
				ÞÝS403	ÞÝS403	ÞÝS403	ÞÝS403	ÞÝS403
							ÞÝS503	ÞÝS503
								ÞÝS603

Tafla 6. Brautir og svið sem í boði eru við Verzlunarskóla Íslands. Áfangar litaðir með gulu eru þegar í boði í fjarnámi, óvíst er hvort áfangar litaðir með grænu verði í boði og áfangar litaðir með bláu á eftir að setja í boð.

Náttúrufræðibraut-eðlisfræðisvið							
3. bekkur		4. bekkur		5. bekkur		6. bekkur	
Haust	vor	haust	vor	haust	vor	haust	vor
ÍSL102	ÍSL202	ÍSL212	ÍSL303	ÍSL403	ÍSL503		
STÆ103	STÆ203	STÆ303		STÆ403	STÆ503		
DAN102	DAN202	DAN212					
ENS102	ENS202	ENS212	ENS303				
ÞÝS102	ÞÝS202	ÞÝS212	ÞÝS303		ÞÝS403		
			ÞJÓ113				
						SAG103	SAG203
	NÁT113	NÁT103	NÁT123				
				EÐL103			
					EFN103		
				JAR103			
						LÍF103	
ÍÞR101	ÍÞR111	ÍÞR201	ÍÞR211	ÍÞR301	ÍÞR311	ÍÞR401	ÍÞR411
LKN101						LKN121	
TÖN102	TÖN202			TÖL103			
VÉL101							
			STÆ313			STÆ603	STÆ703
							STÆ523
					EÐL203	EÐL303	EÐL403
						EFN213	
BÓK113		REK103					
							LÖG103
					VAL103	VAL203	
Náttúrufræðibraut-líffræðisvið							
3. bekkur		4. bekkur		5. bekkur		6. bekkur	
Haust	vor	haust	vor	haust	vor	haust	vor
ÍSL102	ÍSL202	ÍSL212	ÍSL303	ÍSL403	ÍSL503		
STÆ103	STÆ203	STÆ303		STÆ403	STÆ503		
DAN102	DAN202	DAN212					
ENS102	ENS202	ENS212	ENS303				
ÞÝS102	ÞÝS202	ÞÝS212	ÞÝS303		ÞÝS403		
			ÞJÓ113				

						SAG103	SAG203
	NÁT113	NÁT103	NÁT123				
				EÐL103			
				EFN103			
				JAR103			
					LÍF103		
ÍÞR101	ÍÞR111	ÍÞR201	ÍÞR211	ÍÞR301	ÍÞR311	ÍÞR401	ÍÞR411
LKN101						LKN121	
TÖN102	TÖN202						
VÉL101							
			STÆ313			STÆ603	
					EÐL203		
						EFN203	EFN303
							EFN313
						JAR213	
						LÍF113	LÍF203
BÓK113		REK103					
							LÖG103
					VAL103	VAL203	
Náttúrufræðibraut-tölvusvið							
3. bekkur		4. bekkur		5. bekkur		6. bekkur	
haust	vor	haust	vor	haust	vor	haust	vor
ÍSL102	ÍSL202	ÍSL212	ÍSL303	ÍSL403	ÍSL503		
STÆ103	STÆ203	STÆ303		STÆ403	STÆ503		
DAN102	DAN202	DAN212					
ENS102	ENS202	ENS212	ENS303				
ÞÝS102	ÞÝS202	ÞÝS212	ÞÝS303		ÞÝS403		
			ÞJÓ113				
						SAG103	SAG203
	NÁT113	NÁT103	NÁT123				
					EÐL103		
							EFN103
				JAR103			
						LÍF103	
ÍÞR101	ÍÞR111	ÍÞR201	ÍÞR211	ÍÞR301	ÍÞR311	ÍÞR401	ÍÞR411
LKN101						LKN121	
TÖN102	TÖN202						
VÉL101							

			STÆ313			STÆ513	STÆ603
						EDL203	
				TÖL103	TÖL203	TÖL213	TÖL303
				TÖL113			
BÓK113		REK103					
							LÖG103
					VAL103	VAL203	
Félagsfræðabraut							
3. bekkur		4. bekkur		5. bekkur		6. bekkur	
haust	vor	haust	vor	haust	vor	haust	vor
ÍSL102	ÍSL202	ÍSL212	ÍSL303	ÍSL403	ÍSL503		
STÆ103	STÆ203						
DAN102	DAN202		DAN212				
ENS102	ENS202	ENS212	ENS303	ENS403		ENS503	
ÞÝS102	ÞÝS202	ÞÝS212	ÞÝS303		ÞÝS403		
		FÉL203	ÞJÓ113				
		SAG103	SAG203			SAG303	
				MEN103			MEN203
	NÁT113			NÁT123		NÁT103	
							LAN103
ÍÞR101	ÍÞR111	ÍÞR201	ÍÞR211	ÍÞR301	ÍÞR311	ÍÞR401	ÍÞR411
LKN101						LKN121	
TÖN102	TÖN202				TÖN312		
VÉL101							
		STÆ363		STÆ313			
							ENS603
						ÞÝS503	
				ALÞ102	ALÞ203	ALÞ302	
BÓK113		REK103			MAR103		ÞJÓ303
							LÖG103
					VAL103	VAL203	
Málabraut							
3. bekkur		4. bekkur		5. bekkur		6. bekkur	
haust	vor	haust	vor	haust	vor	haust	vor
ÍSL102	ÍSL202	ÍSL212	ÍSL303	ÍSL403	ÍSL503		
STÆ103	STÆ203						

DAN102	DAN202	DAN212	DAN303				
ENS102	ENS202	ENS212	ENS303	ENS403		ENS503	ENS643
ÞÝS102	ÞÝS202	ÞÝS212	ÞÝS303	ÞÝS403	ÞÝS503		
			SPÆ103	SPÆ203	SPÆ303	SPÆ403	SPÆ503
			FRA103	FRA203	FRA303	FRA403	FRA503
			ÞJÓ113				
		SAG103				SAG203	
	NÁT113				NÁT103		NÁT123
ÍÞR101	ÍÞR111	ÍÞR201	ÍÞR211	ÍÞR301	ÍÞR311	ÍÞR401	ÍÞR411
LKN101						LKN121	
TÖN102	TÖN202						
VÉL101							
				MEN103			MEN203
				KVI103			
							LOK103
		LAT102			LAT202	LAT302	
BÓK113		REK103					
							LÖG103
					VAL103		VAL203
Viðskiptabraut-hagfræðisvið							
3. bekkur		4. bekkur		5. bekkur		6. bekkur	
haust	vor	haust	vor	haust	vor	haust	vor
ÍSL102	ÍSL202	ÍSL212	ÍSL303	ÍSL403		ÍSL503	
STÆ103	STÆ203	STÆ303		STÆ403			
DAN102	DAN202		DAN212				
ENS102	ENS202	ENS212	ENS303		ENS403		
ÞÝS102	ÞÝS202	ÞÝS212	ÞÝS303		ÞÝS403		
				SAG103	SAG203		SAG303
	NÁT113			NÁT103			NÁT123
BÓK113		BÓK213					
			ÞJÓ113				
		REK 103					
ÍÞR101	ÍÞR111	ÍÞR201	ÍÞR211	ÍÞR301	ÍÞR311	ÍÞR401	ÍÞR411

LKN101						LKN121	
TÖN102	TÖN202	TÖN302					
VÉL101							
			STÆ313		STÆ503	STÆ603	
							ENS503
						BÓK313	
				REK213	REK313	ÞJÓ202	ÞJÓ302
						FJÁ103	
							LÖG103
					VAL203		VAL203
Viðskiptabraut-viðskiptasvið							
3. bekkur		4. bekkur		5. bekkur		6. bekkur	
haust	vor	haust	vor	haust	vor	haust	vor
ÍSL102	ÍSL202	ÍSL212	ÍSL303	ÍSL403		ÍSL503	
STÆ103	STÆ203	STÆ363		STÆ 463			
DAN102	DAN202		DAN212				
ENS102	ENS202	ENS212	ENS303	ENS403			
ÞÝS102	ÞÝS202	ÞÝS212	ÞÝS303		ÞÝS403		
				SAG103	SAG203	SAG303	
	NÁT 113			NÁT 103			NÁT123
BÓK113		BÓK213					
			ÞJÓ113				
		REK 103					
ÍÞR101	ÍÞR111	ÍÞR201	ÍÞR211	ÍÞR301	ÍÞR311	ÍÞR401	ÍÞR411
LKN101						LKN121	
TÖN102	TÖN202	TÖN302					
VÉL101							
			STÆ313		STÆ563		
							ENS503
					REK203	REK322	
				MAR102	MAR202		
						FJÁ102	FJÁ202
						STJ103	
							LÖG103

					VAL103		VAL203
--	--	--	--	--	--------	--	--------